

AUGLÝSING um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Syðra-Langholt 1, land L197479.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi í Syðra-Langholti, lands L197479. Breytingin felur í sér breytta legu lóðarmarka innan skipulagssvæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Sunnuhlíð.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi sem tekur til Sunnuhlíðar. Breytingin felur í sér að bætt er við raðhúsalóðum inn á skipulagssvæðið sem tekur til götunnar Norðurtanga. Innan götunnar verður því gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir raðhús, parhús og einbýlishús ásamt nánari byggingarskilmálum er það varðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. apríl 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 29. apríl 2022